


Unnið að lagfæringu Kirkjubóls



Um þessar mundir er unnið að lagfæringum á húsi Guðmundar heitins Böðvarssonar skálds á Kirkjubóli í Hvítársíðu, og er reynt að ganga frá því sem allra líkast því sem var, er þau hjón bjuggu þar. Húsið hefur sem kunnugt er verið gefið Rithöfundasambandi Íslands.

Framlög í Minningarsjóð Guðmundar Böðvarssonar skálds og bónda á Kirkjubóli og Ingibjargar Sigurðardóttur konu hans eru frádráttarþær til skatts og er veitt viðtaka í skrifstofu Rithöfundasambands Íslands, hjá Borgfirðingafélaginu í Reykjavík, og framlög má leggja inn á girðreikning í Sparisjóði Mýrasýslu í Borgarnesi.

Ásgerður Búadóttir vefari

Fær frá-bæra dóma í Danmörku

Ásgerður Búadóttir vefari tók nú í byrjun janúar þátt í sýningu danskra myndlistarmanna í Den Frie í Kaupmannahöfn. Hópurinn sem þar sýndi kallar sig „Koloristerne“ sem bendir til þess að þar fari litaglaðir menn.

Bláinu hafa borist umsagnir nokkurra danskra blaða um sýninguna. Eru þar allar hinar jákvæðustu í garð sýningarinnar og Ásgerði er þar hælt á hvert reipi. Politiken hefur meira að segja svo mikið við að birta viðtal við hana.

Í Berlingske tidende 4. janúar segir myndlistargagnrýnandi svo um list Ásgerðar: „Ásgerður Búadóttir einskorðar sig aðallega við bláa og brúna liti en hún hefur frábært vald yfir þessum grunn-

litum....Það er fengur í því að kynnast henni.”

Gagnrýnandi Extrabladet talar um „.....stórgott framlag Ásgerðar...”. Í Frederiksborg Amts Avis segir í undirfyrirsögn að myndvefnaður íslenska gestsins séu „en oplevelse”. Í greininni segir m.a. að list hennar beri vitni „ríkri tilfinningu fyrir hverri einstakri línu, gæðum ullarinnar og hlýlegum litum... Löng hrosshár eru ofín í teppin...og mynda léttleika og ljósbrigði sem unun er að”.

Í blaðinu Fri Tidende sem gefið er út í Hróarskeldu segir að á sýningu Koloristanna sé gestur „sem er vel þess virði að kynnast — íslenski vefarinn Ásgerður Búadóttir. Úr þjóðarframleiðslu Söguéjarinnar, ull og hrosshár-



Frá uppgreftinum í Neskaupstað.

NESKAUPSTAÐUR:

Olíumengunin veldur miklum erfiðleikum

en að öðru leyti gengur uppbyggingin vel

Ragnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri samstarfsnefndar um endurreisnarstarfið í Neskaupstað, sagði í viðtali við Þjóðviljann gær að endurreisnarstarfið þar eysra gengi eins vel og mögulegt væri, en aðstæður allar eru enn mjög erfiðar vegna snjóþyngsla, en það sem þó veldur mestum erfiðleikum er olíumengunin.

Í sambandi við uppbygginguna sagði Ragnar að veðrið hefði valdið erfiðleikum þar sem mikið hefur snjóað að undanförunu. Í þeim húsum sem verið er að endurbæta hefur starfið gengið vel. Niðurlagningarverksmiðjan er komin í gang, og þar vinnur nú margt fólk.

Unnið er af kappi við að koma frystihúsinu af stað. Hreinsun þess er langt komin, en eftir er að lagfæra húsið og vélabúnaðinn. Bjóst Ragnar við, að sú áætlun sem gerð var um að frystihúsið tæki til starfi síðari hluta febrúar, stæðist.

Varðandi steypusöluna og bif-

reiðaverkstæðið sem eyðilögðust í snjóflóðinu er það að segja, að unnið er að innréttingu bráðabirgðahúsnæðis fyrir þessi fyrirtæki, og geta þau hafið starfsemi sína innan tíðar.

Sildarbræðslan stendur auðvitað verst, enda skemmdist hún mest. Búið er að rífa niður mjöl-skemmunu og endurpakka því mjöli sem þar var. En allar líkur eru á að sildarbræðslan verði algerlega endurbyggð og þá að öllum líkindum á öðrum stað, en hún stóð á. Enn hefur ekki verið hægt að kanna hve mikið af verksmiðjunni verður nothæft, en allt sem heilt er verður notað í nýju bræðsluna.

Þá er það olíumengunin. Hún veldur okkur miklum erfiðleikum, sagði Ragnar. Sú olía sem fór í sjóinn dreifðist um allar fjörur. Flotgirðing sú sem reynd var við að hefta útbreiðslu olíunnar reyndist einskisnýtt. Allt hefur verið gert sem hægt er til að varna því, að meiri olía fari í sjóinn, en það starf hefur verið

erfitt, bæði vegna tíðarfarsins og eins vegna skorts á tækjum. Nú hefur að visu nokkuð ræst úr, þar sem kominn er krani til Neskaupstaðar. Hann er notaður til að moka upp í geyma olíumengudum snjó, og gefur hann mjög góða raun. Hann er þegar búinn að fylla einn tanka af olíumengudum snjó, og var auðvitað tekinn sá snjór sem mest olía var í. Í gær og í dag verður svo unnið að því að fylla annan geymi, og þá er sennilega búið að ná öllum olíumengudum snjó austan við lækinn.

Brátt fyrir þetta er mikill olíumagnaður snjór eftir, en meira geymapláss er ekki fyrir hendi. Hvað við hann verður gert hefur ekki verið afráðið ennþá. Hugmyndir hafa komið fram um að láta hann í bátakvína og telja flestir að það verði þrautalendingin. Um leið og veður fer að hlýna verður olíumengunin óskaplegt vandamál, ef ekki tekst að hreinsa snjóinn upp, sagði Ragnar að lokum. —S.dór



Ásgerður Búadóttir við vefstólinn.

Sérstakt línu- og netasvæði

Eins og á síðastliðnu ári barst sjávarútvegsráðuneytinu beiðni frá stjórn Útvegsmanafélags Snæfellsness um að sett yrði sérstakt línu- og netaveiðisvæði út af Snæfellsnesi á komandi vetrarvertíð. Sjávarútvegsráðuneytið sendi þessa beiðni til umsagnar Fiskifélags Íslands, sem kannaði viðhorf útgerðar- og skipstjórnarmanna á svæðinu frá Vestmannaeyjum til Vestfjarða til þessa máls. Þar sem hin ýmsu félagasamtök mæltu

með slíku línu- og netasvæði, hefur ráðuneytið nú gefið út reglugerð, sem bannar allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu frá útgáfudegi reglugerðarinnar til 15. apríl 1975 á svæði út af Snæfellsnesi, er afmarkast af línu milli eftirgreindra punkta.

1. 64 gr 51,5 ' N 24 gr. 13.0 ' V
2. 64 gr 47,5 ' N 24 gr 31,0 ' V
3. 65 gr 10,0 ' N 24 gr 45,5 ' V
4. 65 gr 10,0 ' N 24 gr 25,0 ' N